



Gönguferð

Gönguferð innað fossum í Eilífsdal. Skoðað verður m.a. gamalt sel og kennileiti könnuð undir leiðsögn Rannveigar Garðarsdóttur leiðsögukonu. Gönguferðin hentar flestum. Upphafsstaður er bílastæðið neðan við Kaffi Kjós þar sem göngufólk getur sameinast í bíla.



KLUKKAN

10:30-12:00

KLUKKAN

12:00-17:00

Markaður í Félagsgarði

Markaður og kynning á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem er í boði er þrjónavara, handverk, listmunir og fleira. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)



Hoppukastali

Hoppukastali fyrir börnin á túninu við Félagsgarð



KLUKKAN

12:00-17:00

KLUKKAN

12:00-14:00

Rúlluskreytingakeppni

Haldin á Sogni. Hver þátttakandi skráir sig við komu og fær rúllu til að skreyta að vild. Þátttakendur fá málningarsprey á staðnum. Vinsamlegast hugið að hlífðarfatnaði, erfitt getur verið að ná spreyi úr fötum.

[Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)



Andlitsmálun

Boðið verður upp á andlitsmálun fyrir börnin í Félagsgarði



KLUKKAN

13:00-15:00

KLUKKAN

13:00-16:00

Kaffisala

Kvenfélag Kjósarhrepps verður í Félagsgarði með kaffihlaðborð. Allur ágóði rennur til góðgerðamála.



Leikhópurinn Lotta

Leikhópurinn Lotta verður með söngvasyrpu við Félagsgarð



KLUKKAN

15:00

KLUKKAN

12:00-17:00

Sogn

Ungnautakjöt milliliðalaust beint frá bónda. Glóðheitir hamborgarar beint af grillinu. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)



Háls í Kjós

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nautakjöti, allt frá grönnum að hala. Seljum líka pylsur, beef jerky, úrvals pasta, reggiani ost beint frá Ítalíu og ís frá nágroñnum okkar í Biobú. Nautakjötið frá okkur er af holdanautum sem eingöngu eru fóðruð á grasi og heyi. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)

KLUKKAN

13:00-18:00

KLUKKAN

12:00-17:00

SG textíll

Sigga á Bakka opnar vinnustofuna sína að Flekkudalsvegi 19a við Sandsá. Til sölu eru handunnar vörur úr meðal annars ull og silki. Einnig framleiðir Sigga slár og fleira úr forsoðinni ull. Opið laugardag og sunnudag. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)



Kaffi Kjós

Þjónustumiðstöð í suðurhlíð Meðalfells þar sem lögð er áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)

KLUKKAN

11:00-00:00



Samansafnið Kiðafelli 2

Á fjósloftinu á Kiðafelli hefur verið komið fyrir fjölbreyttu safni gamla muna.

Þar má m.a. skoða gamlar búvélar og stríðsminjar, sjávar og landbúnaðarminjar. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)



KLUKKAN
12:00-16:00

KLUKKAN
13:00-15:00



Teymt undir börnum

Við Reynivallakirkju verður í boði fyrir börn að láta teyma undir sér.

Hvetjum börn til að koma með reiðhjólahljálmana sína til að nota á baki. [Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)

Opin kirkja

Reynivallakirkja verður opin fyrir gesti og gangandi á Kátt í Kjós milli kl: 14 og 16 á laugardeginum

[Smellið hér fyrir leiðarlýsingu á staðinn](#)



KLUKKAN
14:00-16:00

KLUKKAN
11:00-19:00



Frítt að veiða í Meðalfellsvatni

Veiðikortið býður gestum að veiða frítt í Meðalfellsvatni á milli kl. 12 og 17. Þeir sem vilja nýta sér það geta kynnt sé upplýsingar um vatnið á veidikortid.is

Skógbað - Fossárskógi

Í boði fyrir foreldra með börn frá 5 ára aldri.

Skógarbað er útivistarform sem einkennist af slökun og núvitund. Skógarbaðið verður aðlagð að þörfum barna í gegnum leik og sköpun.

Skrá þarf sig til þátttöku [HÉR](#). Skráning fyrir 19.júlí. Nánari upplýsingar á facebook Kátt í Kjós



KLUKKAN
11:00-13:00